



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

© (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd,  
bt. Einar Farestveit  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2007  
Tilvísun: UST20071000122/tb

## Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Vísað er í bréf frá sjávarútvegsnefnd Alþingis, dags. 18. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, þskj. 90 - 90. mál.

Umhverfisstofnun tekur undir tillögu að breytingum á 1. mgr. 9. gr. framangreindra laga sem grundvallast á því markmiði sem kemur fram í greinargerð við frumvarpið. Í frumvarpinu eru lagt til að gerðar verði breytingar á heimild ráðherra þannig að verndun hafsbotsins fái meira vægi og rúmist betur innan þeirra lagaheimilda sem fyrir eru. Það muni endurspegla skýrar markmið og inntak friðunar viðkvæmra hafsvæða. Lagt er til að við 1. málsli. 9. gr. bætist: og varðveislu viðkvæmra hafsvæða. Umhverfisstofnun telur að lagaákvæðið verði skýrara ef bætt er við framkomna tillögu þannig að 1. málsliður verði í heild sinni: *Ráðherra skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna og varðveislu viðkvæmra hafsvæða þ.m.t. hafsbotsins.* Umhverfisstofnun telur að með slíkum verndaraðgerðum aukist líkur á hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu nytjastofna sjávar.


Umhverfisstofnun tekur einnig undir b. lið 1. gr. frumvarpsins.


Umhverfisstofnun vill jafnframt benda á að til að styrkja löginn enn frekar væri eðlilegt að markmið laga nr. 79/1997 væri skýrari m.t.t. verndarsjónarmiða og sjálfbærrar nýtingar. Í 1. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands segir: *Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.* Að mati stofnunarinnar væri rétt með hliðsjón af markmiði þessa frumvarps að breyta 1. gr. laganna þannig að sjónarmið um að nýta beri nytjastofna á sjálfbæran hátt og að vernda beri viðkvæm hafsvæði, þ.m.t. hafsbotnin, fái meira vægi. Eftirfarandi er tillaga að breytri 1. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands: *Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi, hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu nytjastofna og vernd viðkvæmra hafsvæða, þ.m.t. hafsbotsins, innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.* Breytingar í þessa veru eru meira í anda alþjóða samþykka sem Ísland hefur gengist undir svo sem samningsins um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og OSPAR samninginn um verndun hafrymis

Norðaustur-Atlantshafsins.

Umhverfisstofnun vill jafnframt benda á að þar sem fyrirhugað er að vernda náttúruminjar í hafi, þ.m.t. hafsbotnin, til langs tíma, vegna þess að þar er að finna mikilvægt lífríki, jarðfræðiminjar eða menningarminjar sem mikilvægt er að varðveita sakir fegurðar eða sérkenna eða miklu skiptir frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða menningarlegu sjónarmiði að sé ekki raskað, þá beri að beita 54. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 um friðlýsingu náttúruminja í hafi.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in cursive script, appearing to read 'Kristín Linda Árnadóttir'.  
Kristín Linda Árnadóttir

A handwritten signature in cursive script, appearing to read 'Trausti Baldursson'.  
Trausti Baldursson